

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
B.t. Sigrúnar Brynju Einarsdóttur nefndarritara

Reykjavík, hinn 5. apríl 2002

Efni: Umsögn BHM um frumvörp til laga um breyting á lögum nr. 1/1997 um LSR og lögum nr. 2/1997 um LH (594. og 595. mál)

Vísað er til bréfs yðar, dags. 18. mars sl., varðandi umsögn um 594. og 595. mál, frumvörp til laga um breyting á lögum nr. 1/1997 um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins (LSR) og lögum nr. 2/1997 um Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga (LH). Eftirfarandi er umsögn f.h. Bandalags háskólamanna (BHM) um frumvarpið eins og það liggur fyrir en vegna skamms fyrirvara og anna hefur ekki gefist tækifæri til þess að fjalla um málið í stjórn eða öðrum formlegum stofnunum BHM en umsögnin er veitt í samráði við formann lífeyrisnefndar BHM. Beðist er velvirðingar á drætti sem orðið hefur á að umsögn yrði veitt, sbr. viðbótarfrest sem veittur var til dagsins í dag.


Afstaða í umsögn þessari byggist m.a. á því að um málin hefur verið fjallað í stjórn LSR þar sem BHM á fulltrúa.

BHM lýsir yfir stuðningi við frumvörpin en vill áréttta að tilefni málsins er rétt að skoða og leiðrétta eftir atvikum á öðrum vettvangi enda er meginregla 2. mgr. 75. gr. stjórnarskrárinnar (stjskr.), sbr. 1. mgr. 74. gr. stjskr., að stéttarfélög semji um laun til handa félagsmönnum sínum. Eina undantekningin sem er og ætti að vera frá því er þegar Kjaradómur og kjaranefnd ákvarða einstaka hópum og embættismönnum laun. Þriðja kerfið þar sem stjórn ríkisstofnunar semur við forstöðumann, forstjóra eða framkvæmdarstjóra er ekki í samræmi við meginreglur um kjaraákvæðanir á opinberum vinnumarkaði. Sama er að segja um ráðherraröðun og aðra einhliða ákvörðun vinnuveitenda á launum opinberra starfsmanna.

Í því sambandi skal áréttuð sú megin afstaða BHM að eftirmannsreglan felur í sér mikilsverð atvinnu- og eignarréttindi sem ekki verði tekin af með lögum eða afturvirkum hætti enda byggji hún eins og önnur lífeyrisréttindi á samningum samtaka launafólks við vinnuveitendur. Á hinn bóginn verður að telja sjálfsagt að lagfært verði það misræmi sem varð við lagabreytingu í árslok 1996 á iðgjöldum annars vegar og greiðslum til lífeyrisþega samkvæmt eftirmannsreglu (meðaltalsreglu) hins vegar í tilvikum sem þessum enda hlýtur aðalreglan að vera sú að samræmi og samtímasamhengi sé milli lífeyrisréttinda og fjármögnunar þeirra.

BHM styður jafnframt önnur atriði frumvarpanna.

Virðingarfyllst,
f.h. BHM,



Gísli Tryggvason,
framkvæmdarstjóri BHM.